



Síldarvinnslan hf

Fiskimjölsverksmiðja Seyðisfirði

Efnalosun með frárennsli við vinnslu á loðnu

12.-13. Febrúar 2022



1. Inngangur

Dagana 12.-13. Febrúar 2022 var mæling gerð á frárennslirásum frá verksmiðjunni við vinnslu á loðnu. Vinnsluafköst verksmiðju voru þá um 1.100 hráefnistonn á sólarhring. Mælingarnar voru framkvæmdar í samræmi við kröfur í starfsleyfi verksmiðjunnar.

Sýnataka fór fram úr öllum frárennslirásum verksmiðjunnar og stóð í einn sólahring, Matís sá um mælingar á sýnunum. Í sýnunum voru mæld gildi á efnafræðilegri súrefnisþörf (COD), svifögnum og fitu. Sex sýni voru tekin yfir sólarhringinn og þeim blandað saman í eitt sýni, sýnin voru kæld fram að efnagreiningu. Einnig voru tekin sýni af sjó sem notaður er til kælingar í þvottaturnum og á eimsvala við eimingu. Rennsli kælivatns var áætlað út frá afköstum sjódæla, þéttivatn út frá afköstum við eimingu og flæði frá fitugildru var mælt út frá þeim tíma sem tók að fylla ákveðið rúmtak. Efnamælingar á sjósýnum að dælum voru dregnar frá heildarniðurstöðum frárennslismælinga. Niðurstöður fyrir fitu í frárennslisni eru byggðar á niðurstöðum úr fitumælingum í sérhverjum frárennsælisstraumi og tillit tekið til magns sérhvers frárennslisstraums.

Meðfylgjandi eru rannsóknarniðurstöður frá MATÍS á frárennslissýnunum.

Hér neðar er tafla sem sýnir útreiknað heildarmagn lífrænna efna í frárennslisni byggt á mælingum af sýnum að teknu tilliti til rennslismagns. Niðurstöðurnar eru bornar saman við starfsleyfiskröfur.

2. Samantekt frárennslismælinga

Straumar frá verksmiðjunni:	COD kg/shr	Svifefni kg/shr	Fita mg/l
Kælisjór þurrkara 1	53	280	26
Kælisjór þurrkara 2	38	395	45
Kælisjór inn (dregst frá)	40	390	<20
Mismunur....	51	285	51
Þéttivatn frá eimingu			<2
Frá eimsvala (sjór)	2	1	<2
Frá fitugildru	3	27	140
Samtals	56	313	48

Samtals COD pr tonn hráefnis (1,5 kg/tonn)	0,066	kg/tonn hráefnis
Samtals svifefni pr tonn hráefnis (300 g/tonn)	285	g/tonn hráefnis
Meðaltalls fita í frárennslisni (100 mg/l)	48	mg/ltr

Losun mældist ekki yfir starfsleyfismörkum.

3. Magn hráefnis

Magn unnins hráefnis síðustu tvö ár.

Ár	Hráfnistegund	Magn tonn
2021	Kolmunni	19.930
	Loðna	9.948
	Samtals 2021.....	29.878
2020	Kolmunni	17.411
	Samtals 2020	17.411
	Samtals 2020-2021.....	47.289

25.maí 2022

Eggert Ólafur Einarsson verksmiðjustjóri